

Sþ.

121. Tillaga til þingsályktunar

[85. mál]

um dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason,
Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að athuga og gera tillögur um, hvernig hagfelldast væri fyrir ríkið í félagi við Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélög og sýslufélög að koma upp á hentugum stöðum víðs vegar um land dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

Skal nefndin þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefni sinn nefndarmanninn hver, Tryggingastofnun ríkisins einn mann, Samband íslenskra sveitarfélaga einn mann. Sjöunda manninginn skipi ríkisstjórnin án tilnefningar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal m. a. sérstaklega athuga möguleika á því, að hreppsfélög með aðstoð frá ríki og almannatryggingum geti látið byggja færanleg íbúðarhús, sem

aldrað fólk (t.d. hjón) í sveitum geti fengið leigð til notkunar á þeim stað, er þau kjósa. Enn fremur skilyrði til, að sýslu- og bæjarfélög með aðstoð sömu aðila láti reisa dvalarheimilahverfi á jarðhitasvæðum til afnota fyrir aldrað fólk úr viðkomandi sýslu- eða bæjarfélögum.

Nefndin skili tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mannfjöldaskýrslur og ævilengdartöflur Hagstofunnar sýna, að íslenzku þjóðinni fjölgar ört. Ein ástæðan til þess er sú, að meðalaldur manna hefur lengzt. Árið 1910 urðu 6.5 af hundraði landsmanna 65 ára og eldri. Þetta hlutfall hefur verið að hækka síðan, og árið 1960 voru 8.1 af hundraði 65 ára og eldri. Meðalaldur kvenna er nú 75 ár og karla 70.7 ár. Meðalaldur kvenna hefur þannig lengzt síðan 1940 um 9.4 ár og karla um 9.8 ár. Síðastliðin hundrað ár hefur meðalaldur kvenna lengzt um 37.1 ár og karla um 38.8 ár. Á árunum 1951 til 1960 dóu 29 menn, sem voru 100 ára og þar yfir. Voru það 25 konur og 4 karlar. Þessar tölur allar sanna það óvafengjanlega, að aldraða fólkinu fjölgar mjög mikið og hlutfallslega meira en áður var. Er þetta árangur af aukinni þekkingu, sem leitt hefur af sér bætt lífsskilyrði og heilsugæzlu. Væntanlega verður enn áframhald á því, að mannsævin lengist. Við Íslendingar getum hrósað miklum sigri á þessu sviði, því að nú er manndauðahlutfallið lægra hér en í nokkru öðru landi Evrópu.

En með hverjum sigri skapast alltaf ný viðhorf og vandamál. Nú þarf að skipa hinum aukna fjölda aldraðs fólks til viðunandi sætis í þjóðfélaginu, svo að það geti notið elliáranna sem frjálssir menn og hlutgengir þegnar, meðan heilsan leyfir þátttöku í störfum, og hinum sjúku þarf að búa sem bezta hjúkrun og góð dvalarheimili. Fram að þessu hefur fremur lítið verið gert af hálfu þjóðfélagsins til að tryggja gamla fólkinu góð líf skjör á elliárunum annað en greiðsla ellilífeyris til þeirra, sem orðnir eru 67 ára og eldri. Ellilífeyrinn kaupa menn sér samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga með iðgjaldsgreiðslu frá 16—67 ára aldri, enn fremur með gjöldum sínum til viðkomandi sveitarsjóða, sem síðan borga árgjald til almannatrygginganna, og með skattgreiðslum sínum beinum og óbeinum til ríkissjóðs.

Ekki skal vanmetin sú hjálp, sem almannatryggingarnar veita með ellilífeyrisgreiðslum sínum. En það er skoðun flutningsmanna, að almannatryggingarnar þurfi mjög að vikka starfssvið sitt öldruðu fólki til hjálpar. Með breyttum þjóðlífsháttum er reynslan sú, að heimilin geta ekki nú eins og þau urðu að gera áður veitt hæli fyrir aldraða og sjúka. Almannatryggingarnar þyrftu og ættu samfara því að greiða ellilífeyri einnig að styrkja byggingu íbúðarhúsa og dvalarheimila fyrir aldrað fólk í samvinnu við ríkið og sveitarfélögin. Mikil nauðsyn er á því að fjölga dvalarheimilum fyrir hina öldruðu, því að þeim fer mjög fjölgandi, sem komast á háan aldur og þurfa á að halda hjálp þjóðfélagsins, þegar þrek dvínar til starfa. Hrekkur þá ekki til, þó að ellilífeyrir væri nægur, ef hvergi fæst hjálp og skjól.

Í sveitum landsins hagar víðast svo til, að gamla fólkið verður að hætta búskap, áður en kraftar eru að fullu þrotnir, og liggur þá leiðin oftast til þorpa og bæja, þar sem annaðhvort eru fest kaup á íbúð eða íbúð tekin á leigu. Atvinna í bæjunum fyrir aldraða fólkið, sem þangað kemur úr dreifbýlinu, er svo til engin. Dreifbýlinu er í flestum tilfellum mikill missir í brottflutningi hins aldraða fólks, því að unga kynslóðin, sem tekur við störfum þess, svo sem ábúð jarða, tapar hollri aðstoð, sem gamla fólkið getur oft veitt einnig sér til gagns og gleði. Þá getur gamla fólkið, sem nokkra starfsorku hefur, ef það er kyrrt í sveitum og þorpum, í mörgum tilfellum haft sér til gagns og gamans smábúskap, t. d. nokkrar kindur, hænsni eða dálitla garðrækt. Þannig getur notast að vinnuafli til framleiðslu fyrir þjóðfélagið, sem annars tapast. Þá má nefna, að mörgu sveitarfélagi gæti orðið það drjúgur stuðn-

ingur fjárhagslega, að eldra fólkið dveldist þar áfram í stað þess að hverfa burt með fjármuni sína. Flestu mundi líka aldraða fólkinu ljúfara að eyða elliárunum í átthögunum, ef þess væri kostur.

Með þingsályktunartillögu þessari er þeirri hugmynd hreyft, að athugaðir verði möguleikar á því, að sveitarfélög, ríki og almannatryggingar komi upp í samvinnu þægilegum íbúðarhúsum, sem sniðin væru við hæfi aldraðs fólks og flytja mætti milli staða og setja niður hvar sem væri með tiltölulega litlum undirbúningi, og leigð til dvalar fyrir hóflegt gjald. Þegar t. d. öldruð hjón hættu að nota slíkt hús, gætu önnur hjón fengið það flutt til sín og búið í því o. s. frv. Þá er mikil þörf að koma upp í héruðum, þar sem jarðhiti er, þyrpingum litilla íbúðarhúsa til dvalar fyrir aldraða, sem eru sjálfbjarga að mestu. Enn fremur hælum fyrir sjúka og ellihruma.

Hér er drepið á þriðjætt verkefni, sem sveitarfélögum, ríki og almannatryggingunum ber að leysa. Það er í fyrsta lagi að koma upp færanlegum litlum íbúðum fyrir þá, sem kjósa að búa í nánd við sín fyrri heimili, meðan heilsan leyfir. Í öðru lagi að stofna íbúðahverfi á jarðhitastöðum fyrir aldraða. Og í þriðja lagi að reisa hæli á slíkum stöðum fyrir þá, sem eru ósjálfbjarga. Ekki verða slík verkefni leyst án athugunar, og auðvitað verða slík viðfangsefni að þróast í samræmi við ný viðhorf á hverjum tíma. En aðkallandi er að hefjast handa sem fyrst, því að mikil verkefni af þessu tagi eru sýnilega fyrir hendi nú þegar og í framtíðinni. Til þess benda eindregið skýrslur Hagstofunnar um lengingu mannsævinnar hér á landi.

Sú löggjöf, sem til er um stuðning við gamla fólkið á Íslandi í umræddum efnunum, er ófullnægjandi. Sú aðstoð, sem lög nr. 40 30. apríl 1963 (76. gr.), um almannatryggingar, veita til þess að koma upp elliheimilum, er lán og miðast aðallega við stór heimili. Og lög nr. 49 20. apríl 1965, um byggingarsjóð aldraðs fólks, eru einvörðungu miðuð við lánastarfsemi og áhrifalítill.

Þessi málefni þarf því að athuga betur og finna í þeim betri úrlausnir, og vegna þess er tillagan flutt.